

Svar

forsætisráðherra við fyrirspurn Sigurðar Kára Kristjánssonar um skýrslubeiðnir á Alþingi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hve oft hefur verið óskað eftir skýrslum frá ráðherra á Alþingi frá setningu 120. löggjafarþings 1995 fram til ársloka 2003?
2. Hver hefur heildarkostnaður ríkissjóðs verið við framkomnar skýrslubeiðnir á fyrrgreindu tímabili samkvæmt verðlagi í árslok 2003?
3. Hver hefur kostnaður verið við hverja skýrslu um sig á sama verðlagi?

Frá setningu 120. löggjafarþings 1995 fram til ársloka 2003 hafa forsætisráðherra borist alls tíu beiðnir um skýrslur frá Alþingi og skiptast þær með eftirfarandi hætti niður á löggjafarþingin: Á 120. löggjafarþingi tvær beiðnir, á 121. löggjafarþingi fjórar, tvær beiðnir á 122. þingi, ein á 123. þingi og ein það sem af er 130. þingi. Sjá nánar um skýrslubeiðnir og skýrslur í eftirfarandi lista.

Ekki er unnt að svara til um heildarkostnað vegna skýrslubeiðna né kostnað við hverja skýrslu fyrir sig, þar sem ekki hefur verið haldið sérstaklega utan um einstaka kostnaðarþætti er varða skýrslugerð. Til að mynda hefur ekki verið haldið sérstaklega til haga hversu mörg ársverk eða mannmánuðir hafa farið í skýrslugerð. Kostnaði við prentun þessara skýrslna hefur ekki verið haldið sérstaklega til haga í bókhaldi.

Yfirlit um skýrslubeiðir og skýrslur frá 120. löggjafarþingi 1995–96 til ársloka 2003.

Skjalalisti 130. löggjafarþingi

115. störf einkavæðingarnefndar til forsrh.

Útbýtingard.	Þingskjal	Tegund skjals	Flutningsmaður
09.10.2003	115	beiðni um skýrslu	Guðjón A. Kristjánsson
05.11.2003	288	skýrsla (skv. beiðni)	forsætisráðherra

Skjalalisti 123. löggjafarþingi

198. aðbúnaður og kjör öryrkja til forsrh.

Útbýtingard.	Þingskjal	Tegund skjals	Flutningsmaður
03.11.1998	216	beiðni um skýrslu	Jóhanna Sigurðardóttir
10.03.1999	1136	skýrsla (skv. beiðni)	forsætisráðherra

Skjalalisti 122. löggjafarþingi

24. aðstöðumunur kynslóða til forsrh.

Útbýtingard.	Þingskjal	Tegund skjals	Flutningsmaður
02.10.1997	24	beiðni um skýrslu	Svanfríður Jónasdóttir
12.05.1998	1397	skýrsla (skv. beiðni)	forsætisráðherra

255. staða eldri borgara hérlendis og erlendis til forsrh.

Útbýtingard.	Þingskjal	Tegund skjals	Flutningsmaður
12.11.1997	312	beiðni um skýrslu	Ágúst Einarsson
22.04.1998	1224	skýrsla (skv. beiðni)	forsætisráðherra

Skjalalisti 121. löggjafarþingi*20. þróun launa og lífskjara á Íslandi til forsrh.*

Útbýtingard.	Þingskjal	Tegund skjals	Flutningsmaður
02.10.1996	20	beiðni um skýrslu	Ragnar Arnalds
12.03.1997	742	skýrsla (skv. beiðni)	forsætisráðherra
18.03.1997	780	skýrsla (skv. beiðni, framh.)	forsætisráðherra

22. samanburður á lífskjörum hérlendis og í Danmörku til forsrh.

Útbýtingard.	Þingskjal	Tegund skjals	Flutningsmaður
02.10.1996	22	beiðni um skýrslu	Rannveig Guðmundsdóttir
12.03.1997	743	skýrsla (skv. beiðni)	forsætisráðherra

264. þróun og umfang fátæktar á Íslandi til forsrh.

Útbýtingard.	Þingskjal	Tegund skjals	Flutningsmaður
29.01.1997	516	beiðni um skýrslu	Jóhanna Sigurðardóttir
16.05.1997	1337	skýrsla (skv. beiðni)	forsætisráðherra

548. björgunar- og hreinsunarstörf vegna strands Vikartinds til forsrh.

Útbýtingard.	Þingskjal	Tegund skjals	Flutningsmaður
04.04.1997	902	beiðni um skýrslu	Margrét Frímansdóttir

Skjalalisti 120. löggjafarþingi*65. útbreiðsla fíkniefna og þróun ofbeldis til forsrh.*

Útbýtingard.	Þingskjal	Tegund skjals	Flutningsmaður
10.10.1995	65	beiðni um skýrslu	Jóhanna Sigurðardóttir
29.04.1996	869	skýrsla (skv. beiðni)	forsætisráðherra

369. munur á launum og lífskjörum á Íslandi og í Danmörku til forsrh.

Útbýtingard.	Þingskjal	Tegund skjals	Flutningsmaður
05.03.1996	646	beiðni um skýrslu	Margrét Frímansdóttir
04.06.1996	1156	skýrsla (skv. beiðni)	forsætisráðherra

Upplýsingar af vef Alþingis.